

**Upplýsingar handa iðnaðarmönnum o.fl.
(20. mars 2007)
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti**

IVR07030079

Efnisyfirlit

1. Inngangur
2. Iðnaðarlög almennt
3. Iðnaðarlög - einstök atriði
 - 3.1 Gildissvið (handiðnaður o.fl.)
 - 3.2 Forgangsréttur iðnaðarmanna til vinnu
 - 3.3 Starfsheiti iðnaðarmanna
 - 3.4 Starfsréttindi í öðru EES-ríki
 - 3.5 Löggiltar iðngreinar, m.a. nýjar iðngreinar
 - 3.6 Útgáfa sveinsbréfa
 - 3.7 Útgáfa meistarabréfa
 - 3.8 Rekstur iðngreinar
 - 3.9 Sektor og réttindasvipting
 - 3.10 Kærur vegna brota
 - 3.11 Mörk iðngreina
 - 3.12 Úr nokkrum dómum
 - 3.12.1 Handiðn (prentsmiðjueigandi)
(hæstaréttardómur 1967, bls. 1116)
 - 3.12.2 Iðnrekstur (rakarasveinn)
(hæstaréttardómur 1964, bls. 59)
 - 3.12.3 Iðnrekstur (ljósmyndun)
(hæstaréttardómur 1987, bls. 674)
 - 3.12.4 Iðnrekstur (háskólanemi)
(dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 8. júní 2000)
 - 3.12.5 Iðnrekstur (málarasveinn)
(dómur Héraðsdóms Austurlands 24. júlí 2000)
 - 3.12.6 Iðnrekstur (hársnyrtistofa)
(dómur Héraðsdóms Austurlands 13. desember 2000)

1. Inngangur

"Óttalegur frumskógur" eru orð sem hafa verið notuð til að lýsa því hversu erfitt geti verið fyrir iðnaðarmenn að vita hvar fá eigi svör við ýmsum spurningum sem þá snerta. Þetta stafar m.a. af því að málefni iðnaðarmanna eru a.m.k. á verksviði þriggja ráðuneyta, þ.e. iðnaðarráðuneytis, menntamálaráðuneytis og umhverfissráðuneytis. Í menntamálaráðuneytinu er fjallað um menntun iðnaðarmanna, m.a. námssamninga og sveinspróf. Í iðnaðarráðuneytinu er að fá upplýsingar um starfsréttindi meistara, sveina og nema, útgáfu sveinsbréfa, sem er í ráðuneytinu, útgáfu meistarabréfa, sem sýslumenn sjá um, og starfsréttindi iðnaðarmanna í öðrum EES-ríkjum. Auk þess heyrir Neytendastofa undir ráðuneytið og löggildir hún rafverktaka á grundvelli laga nr. 146/1996 um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga (rafmagnsöryggisлага) í framhaldi af meistarabréfi. Undir umhverfissráðuneytið fellur hins vegar löggilding iðnmeistara á grundvelli skipulags- og byggingarлага og námskeið sem haldin hafa verið af því tilefni.

Upplýsingar um ráðuneytin eru sem hér segir:

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytin,
Arnarhvoli, Lindargötu,
150 Reykjavík.
Sími 545 8500, fax 562 1289,
veffang www.ivr.stjr.is / postur@ivr.stjr.is

Nánari upplýsingar veitir Jón Ögmundur Þormóðsson.
Lög eru á vef Alþingis (textinn) og ráðuneytanna (upptalning og tenging),
reglugerðir á vef ráðuneytanna,
gögn í afgreiðslu þeirra.

Menntamálaráðuneytið,
Sölvhólgötu 4,
150 Reykjavík.
Sími 545 9500, fax 562 3068,
veffang www.mrn.stjr.is / postur@mrn.stjr.is

Umhverfissráðuneytið,
Skuggasundi 1,
150 Reykjavík.
Sími 545 8600, fax 562 4566,
veffang www.umh.stjr.is / postur@umh.stjr.is

2. Iðnaðarlög almennt

Í iðnaðarlögum nr. 42/1978, með síðari breytingum, eru ákvæði um gildissvið, þ.e. handið og verksmiðjuíðnað en ekki heimilisiðnað, skilyrði til að reka handiðnað eða

verksmiðjuiðnað, iðnaðarleyfi, löggiltar iðngreinar, forgangsrétt iðnaðarmanna til vinnu og starfsheitis, starfsréttindi í öðru EES-ríki og útgáfu sveinsbréfa og meistarábréfa.

3. Iðnaðarlög - einstök atriði

3.1 Gildissvið (handiðnaður o.fl.)

Gildissvið iðnaðarlaga samkvæmt 1. gr. er handiðnaður, sem iðnaðarmenn falla undir, og verksmiðjuiðnaður en heimilisiðnaður er undanskilinn ákvæðum laganna. Iðnaðarleyfi vegna verksmiðjuiðnaðar veita sýslumenn samkvæmt 1. mgr. 12. gr. Þar undir fellur t.d. kvikmyndagerð. Iðnaðarleyfi er skilyrði endurgreiðslu á gjöldum vegna aðfanga til samkeppnisiðnaðar og fellur endurgreiðslan undir fjármálaráðuneytið. Í 3. gr. og 4. gr. eru sett skilyrði fyrir því að reka handiðnað og verksmiðjuiðnað.

Í 2. gr. frumvarps til iðnaðarlaga var á sínum tíma tekið fram að leyfi þyrfti samkvæmt iðnaðarlögum til að reka iðnað í atvinnuskyni en jafnframt tekið fram að varðandi handiðnað jafngilti meistarábréf í iðninni leyfi til að reka þá iðngrein sem meistarábréf tæki til. Í 3. gr. frumvarpsins var ítrekað að meistarábréf í iðngrein samsvaraði iðnaðarleyfi í viðkomandi grein.

3.2 Forgangsréttur iðnaðarmanna til vinnu

Oft er spurt um rétt til iðnaðarstarfa. Samkvæmt 3. mgr. 8. gr. iðnaðarlaga er aðalreglan sú að rétt til iðnaðarstarfa í löggiltum iðngreinum hafa meistarar, sveinar og nemendur í iðngreininni. Frá þessu eru nokkrar undantekningar. Þannig getur sveina- og meistarafélag í sömu iðn gert sín á milli samning um það að ráða megi ólært verkafólk til iðnaðarstarfa undir stjórn lærðs iðnaðarmanns um ákveðinn stuttan tíma í senn þegar sérstaklega stendur á og brýn þörf er á auknum vinnukrafti í iðninni. Einnig getur hver og einn unnið iðnaðarstörf fyrir sjálfan sig og heimili sitt og enn fremur fyrir opinbera stofnun eða fyrirtæki sem hann vinnur hjá ef um minni háttar viðhald á eignum þessara aðila er að ræða. Í sveitum, kaupúnum og þorpum með færri en 100 íbúa mega óiðnlærðir menn vinna að iðnaðarstörfum. Undir þetta ákvæði falla t.d. Grímsey og Mjóifjörður. Óljóst getur verið á stundum hvað teljist iðnaðarstörf. Þannig var áhugaljósmyndari, sem stundaði vissa starfsemi í hjáverkum og ljósmyndaði m.a. alþingismenn, sýknaður í hæstarétti af því að hafa brotið iðnaðarlög (hæstaréttardómur 1987, bls. 674).

3.3 Starfsheiti iðnaðarmanna

Samkvæmt 9. gr. hafa þeir einir rétt til að kenna sig í starfsheiti sínu við löggilta iðngrein er hafa sveinsbréf eða meistarábréf í iðngreininni. Á grundvelli breytinga á 2. gr. iðnaðarlaga geta þó þeir sem hafa réttindi hér á landi á grundvelli EES-reglna kallað sig t.d. málara hér á landi en hins vegar ekki t.d. meistara án nánari tilgreiningar. Samkvæmt iðnaðarlögum er nemum í iðngreinum heimilt að kenna sig við iðngrein sína og kalla sig t.d. húsgagnsmíðanema.

3.4 Starfsréttindi í öðru EES-ríki

Vegna aðildar Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið var bætt inn í 2. gr. iðnaðarlaga ákvæðum um rétt ríkisborgara eða lögaðila aðildarríkja að samningnum til að starfa í iðnaði á grundvelli skuldbindinga Íslands um viðurkenningu á starfi og starfsþjálfun í iðnaði í öðru EES-ríki. Lögreglustjórar skulu staðfesta réttmæti gagna um starf og starfsþjálfun (menntun fellur þar undir) eftir að viðkomandi félagi iðnaðarmanna, m.a. landssamtökum meistara og sveina, hefur verið gefinn kostur á að segja álit sitt. Nánar er kveðið á um þessi mál í reglugerð nr. 495/2001 um viðurkenningu á starfi og starfsþjálfun í iðnaði í öðru EES-ríki.

Í stuttu máli felst í reglunum að þeir ríkisborgarar EES-ríkja sem hafa starfað eða hlotið starfsþjálfun með nánar tilgreindum hætti í iðnaði í öðru EES-ríki í 6-8 ár geta farið á milli EES-ríkja og starfað í öðru EES-ríki þótt strangari kröfur kunni að vera gerðar þar almennt til iðnaðarstarfa. Starfsréttindin gilda líka fyrir Íslendinga sem fara til annarra EES-ríkja. Meistaránám, hvað þá sveinsnám, fellur ekki undir þessar EES-reglur ef 6-8 ára tímamarkinu er ekki náð en viðkomandi útlendingur gæti átt rétt hér á landi samkvæmt jafnræðisreglum EES-samningsins (EES-laganna), t.d. meistari frá hinum Norðurlandanna sem hefði sambærilega menntun og meistari hér á landi. Menntamálaráðuneytið gæti þurft að meta jafngildi menntunar í slíkum tilvikum. Sá sem hefur réttindi hér á landi á grundvelli EES-reglnanna má t.d. kalla sig málara hér á landi en hins vegar ekki t.d. meistara án nánari tilgreiningar. Nánar er fjallað um þetta í reglugerðinni og umburðarbréfi iðnaðar- og viðskiptaráðuneytanna til lögreglustjóra frá 31. júlí 2001.

Í tengslum við það sem að framan greinir um starf og starfsþjálfun má nefna að felldur hefur verið úr lögum sá möguleiki að menntamálaráðuneytið geti heimilað mönnum að fara í sveinspróf á grundvelli tíu ára starfsreynslu í iðngrein.

3.5 Löggiltar iðngreinar, m.a. nýjar iðngreinar

Iðnaðarráðherra hefur sett reglugerð um löggiltar iðngreinar, sbr. 8. gr. iðnaðarlaga. Gildandi reglugerð er nr. 940/1999. Breytingar verða smám saman á reglugerðinni. Til dæmis kunna fámennar iðngreinar að leggjast af. Biðja má um upptöku nýrra greina í skrána en allstrangar kröfur eru gerðar. Til dæmis er ekki við því að búast að iðngrein verði löggilt fyrir einn einstakling sem hefur lært erlendis. Líkurnar aukast hins vegar ef um kennslu í viðkomandi grein er að ræða hér á landi og nokkur fjöldi hefur lokið því.

Þær raddir hafa heyrst að iðnaðarlögin eigi ekki að fela í sér bæði forgangsrétt til starfa að aðalreglu til og viðurkenningu á starfsheiti heldur einungis viðurkenningu á starfsheiti eins og er með sumar starfsgreinar hér á landi, t.d. verkfræðinga, tæknifræðinga og fleiri sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, svo og með iðnaðarmenn í Noregi.

3.6 Útgáfa sveinsbréfa

Samkvæmt 3. mgr. 12. gr. iðnaðarlaga gefur iðnaðarráðherra nú út sveinsbréf. Áður gaf menntamálaráðuneytið slík bréf út. Iðnaðarráðuneytið fær þó fyrst upplýsingar úr sveinsprófabók menntamálaráðuneytisins um að skilyrðum til að gefa sveinsbréf út sé

fullnægt. Gjöld fyrir útgáfu sveinsbréfa eru innheimt í tengslum við gjöld vegna próftöku. Unnt er að fá sveinsbréf endurútgefin í iðnaðarráðuneytinu gegn gjaldi ef þau hafa glatast. Sveinsbréfin eru á íslensku með útdrætti á ensku. Ítrekað skal að felldur hefur verið úr lögum sá möguleiki að menntamálaráðuneytið geti heimilað mönnum að fara í sveinspróf á grundvelli tíu ára starfsreynslu í iðngrein.

3.7 Útgáfa meistarabréfa

Um skilyrði þess að fá meistarabréf er fjallað í 10. gr. iðnaðarlaga. Almenna reglan er sveinspróf, vinna undir stjórn meistara í eitt ár minnst og meistarapróf í iðninni frá meistaraskóla. Samkvæmt 12. gr. gefa sýslumenn út meistarabréf. Iðnráð, sem voru umsagnaraðili, hafa verið lögð niður.

Þeir sem lokið höfðu sveinsprófi fyrir 1. janúar 1989 áttu samkvæmt undantekningarákvæði í 10. gr. iðnaðarlaga, eins og hún var þá orðuð, rétt til að fá meistarabréf án þess að fara í meistaraskóla enda hefði eigi verið meistaraskóli í iðn þeirra fyrir þann tíma. Þau réttindi sýnast haldast, sbr. hér 17. gr. iðnaðarlaga um að óskert skuli atvinnuréttindi þeirra manna er hlotið hafa þau samkvæmt ákvæðum eldri laga, þannig að viðkomandi geti fengið meistarabréf án þess að fara í meistaraskóla að öllum skilyrðum fullnægðum. Orðrétt hljóðaði 1. mgr. 10. gr. svo: "Hver maður getur leyst meistarabréf, ef hann fullnægir þeim skilyrðum, sem í 3. gr. segir, og hefur lokið sveinsprófi í iðngrein sinni, enda hafi hann unnið að henni síðan undir stjórn meistara ekki skemur en eitt ár og lokið meistaraprófi í iðninni frá meistaraskóla. Meðan eigi er meistaraskóli í iðninni, getur hver maður leyst meistarabréf, hafi hann unnið undir stjórn meistara í iðngreininni eða nátengdri iðngrein að loknu sveinsprófi eigi skemur en tvö ár."

3.8 Rekstur iðngreinar

Ekki geta allir rekið iðnað heldur skulu löggiltar iðngreinar ávallt reknar undir forstöðu meistara samkvæmt 8. gr. iðnaðarlaga. Hins vegar er ekki alveg ljóst hvað rekstur iðngreinar merkir og var ekki að finna glöggar leiðbeiningar þar um í athugasemdum með lagafrumvarpi á sínum tíma.

Sveinn getur þó sinnt sjálfstæðri starfsemi (verið einyrki), t.d. rekið rakarastofu, sbr. hæstaréttardóm 1964, bls. 59. Hins vegar segir í sama hæstaréttardómi að einn málarasveinn geti ekki haft annan svein í vinnu hjá sér. Hugsanlegt að tveir einstaklingar geti boðið í verk sem tveir einstaklingar þannig að hvorugur fái greitt kaup hjá hinum. Ekki verður unnt að telja að sveinn geti haft leikmann í fagvinnu með sér þegar litið er til dóms Héraðsdóms Austurlands frá 24. júlí 2000 þar sem fram kom að málarasveinn hefði brotið iðnaðarlög með því að hafa ófaglærða menn í vinnu við málningu. Slíkt var með öðrum orðum talinn rekstur iðngreinar. Ekki var áfrýjað til hæstaréttar. Vart er unnt að telja að hvers kyns aðstoð sé útilokuð, t.d. ræsting á rakarastofu eða aðstoð við bókhald.

Í þessu sambandi má nefna að í athugasemd við 8. gr. frumvarps til iðnaðarlaga á sínum tíma stóð: "Ráða má þó verkafólk til iðnaðarstarfa" og síðan stóð í beinu framhaldi til útskýringar: "Eðlilegt er talið, að meistari geti ráðið til sín aðstoðarfólk til iðnaðarstarfa." Undirstrika má hér orðið meistari. Í lögnum, eins og þau voru afgreidd frá Alþingi, er þó aðeins talað um að sérfélögum, sveina- og meistarafélagi í sömu iðn, sé heimilt að gera sín á milli samning um það að ráða megi ólært verkafólk til iðnaðarstarfa "undir stjórn lærðs iðnaðarmanns" um ákveðinn stuttan tíma í senn þegar sérstaklega stendur á og brýn þörf er á auknum vinnukrafti í iðninni.

Þá má nefna hér að dómur féll í Héraðsdómi Austurlands 13. desember 2000 þar sem einstaklingur án sveins- eða meistararéttinda á Austurlandi, er rak hárgreiðslustofu þar, og meistari í Reykjavík, er hafði skrifað upp á fyrir viðkomandi sem meistari, voru hvor um sig dæmdir í 40.000 kr. sekt fyrir brot á iðnaðarlögum.

3.9 Sektir og réttindasvipting

Sektaákvæði fyrir brot á iðnaðarlögnum eru í 15. gr. laganna, m.a. ef einhver rekur löggilta iðngrein án þess að hafa meistararaðild eða einhver leyfir öðrum að reka iðnað í skjóli leyfisins (sbr. framangreindan dóm Héraðsdóms Austurlands frá 13. desember 2000). Í 16. gr. eru hins vegar ákvæði um sviptingu t.d. meistarabréfs og sveinsbréfs vegna ítrekaðra brota á iðnaðarlögum. Í hæstaréttardómi um rakarasvein, er hafði annan rakarasvein í vinnu, var ekki fallist á kröfu ákærvalds um að viðkomandi sveinn yrði sviptur iðnréttindum sínum (hæstaréttardómur 1964, bls. 59).

3.10 Kærur vegna brota

Þegar talið er að iðnaðarlög hafi verið brotin getur viðkomandi sjálfur kært ætluð brot til lögreglustjóra. Einnig er möguleiki að viðkomandi leiti til stéttarfélags síns eða samtaka og biðji félagið eða samtökin að kæra. Nokkuð hefur borið á kærur. Lögreglustjórar hafa þá tekið skýrslu og geta ákært. Fremur lítið hefur verið gert á grundvelli kæranna og stafar það m.a. af því að kærugleði er talin hafa verið heldur mikil og ýmis tilvik nokkuð óljós.

3.11 Mörk iðngreina

Mörk löggiltra iðngreina geta verið óljós og sú spurning því vaknað hvort einn iðnaðarmaður vinni óheimil störf á starfssviði annars. Hér kann að vera rétt að leita til menntamálaráðuneytisins og biðja um námsskrár fyrir viðkomandi greinar til að athuga lýsingu á námi. Venjur kunna að hafa skapast, sem skipta máli, og stéttarfélög komið sér saman um mál. Til dæmis tíðkast að húsasmiðir og skipasmiðir gangi hvor í annars störf án vandkvæða. Loks er sá möguleiki að kæra til refsingar.

Úr nokkrum dómum

3.12.1 Handiðn (prentsmiðjueigandi) (hæstaréttardómur 1967, bls. 1116)

Refsimál var höfðað á hendur H fyrir að reka bókbandsiðn án tilskilinna meistararéttinda með því að framkvæma vírheftingu og brot í prentsmiðju sinni á

ýmsum blöðum og tímaritum. Taldist atferli H í ákæru varða við 1. mgr. 14. gr., sbr. 1. tölul. 2. mgr. 27. gr. laga um iðju og iðnað, nr. 18/1927, sbr. 2. og 15. gr. laga nr. 105/1936 um breytingu á þeim lögum. H var dæmd sýkna enda kom ekkert í ljós er hnekkti því álitni héraðsdóms, þar sem tveir sérfróðir menn áttu sæti, að starfsemin væri einhæf og óbrotin vélavinna sem yrði ekki skipað á bekk með handið eins og það hugtak væri markað í iðnlöggjöfni.

3.12.2 Iðnrekstur (rakarasveinn) (hæstaréttardómur 1964, bls. 59)

H, sem hafði sveinsréttindi í rakaraiðn, sætti ákæru samkvæmt 14., sbr. 27. gr., laga um iðju og iðnað nr. 18/1927, sbr. 2. og 15. gr. laga nr. 105/1936, fyrir að starfrækja rakarastofu í Reykjavík án þess að hafa til þess "tilskilin meistararéttindi". Nokkurn hluta þess tímabils, sem ákæran tók til, hafði H unnið einn á rakarastofunni og var honum sá rekstur rakarastofunnar heimill samkvæmt sveinsbréfi sínu í iðninni. Annan hluta greinds tímabils hafði H rakarasvein í þjónustu sinni, sem eigi hafði öðlast meistararéttindi, og taldist rekstur stofunnar með þeim hætti varða við nefnd lagaboð, en refsing var látin niður falla samkvæmt 74. gr. laga nr. 19/1940. Eigi var til greina tekin krafa ákærvalds um að H yrði sviptur iðnréttindum sínum.

3.12.3 Iðnrekstur (ljósmyndun) (hæstaréttardómur 1987, bls. 674)

K var ákærður fyrir brot á iðnaðarlögum en sýknaður þar eð ósannað þótti að hann hefði rekið ljósmyndaiðnað í atvinnuskyni.

Í ákæruskjali 1985 var ákærða gefið að sök að hafa rekið ljósmyndaiðnað og ljósmyndþjónustu frá árinu 1983, bæði í eigin nafni og undir ákveðnu firmanafni, án iðnréttinda í ljósmyndaiðn, og fyrir að hafa selt slíka þjónustu þeim sem eftir henni leituðu og kaupa vildu, þ.á m. myndir af alþingismönnum fyrir handbók Alþingis 1984. Í kæru Landssambands iðnaðarmanna, sem var tilefni ákæru, er tekið fram að atvinnurekstur ákærða á sviði ljósmyndunar hafi verið mikill að umfangi og voru nafngreindir sex aðilar, sem notið höfðu þjónustu ákærða, og tekið fram að ekki sé um tæmandi upptalningu að ræða heldur aðeins örfá tilvik af mörgum. Rannsókn málsins snerist þó nær eingöngu um þátt ákærða í gerð handbókar Alþingis 1984 og var því lýst yfir við flutning málsins fyrir hæstarétti að brot ákærða væri fyrst og fremst fólgið í töku andlitsmynda af alþingismönnum en ákærvaldið horfði fram hjá hinum ákæruatriðunum. Í málinu var hvorki upplýst um umfang ljósmyndastarfsemi ákærða né hvaða tekjur hann hefði haft af þeirri starfsemi. Ákærði hélt því fram að hann stundaði ljósmyndun sem tómstundavinnu, hann auglýsti ekki starfsemi sína og ynni einn að henni, og í málinu var upplýst að ákærði var prentsmiðjustjóri í fullu starfi. Lög nr. 42/1978 taka til rekstrar hvers konar iðnaðar í atvinnuskyni og er lögð refsing við því að reka iðnað án þess að fullnægja skilyrðum laganna um iðnréttindi. Þótt sannað væri að ákærði hafi tekið myndir í Handbók Alþingis 1984 gegn greiðslu þótti það afmarkaða tilvik út af fyrir sig ekki nægja til að telja hann hafa rekið ljósmyndaiðnað í atvinnuskyni í merkingu laga nr. 42/1978. Var hann því sýknaður af kröfum ákærvaldsins í málinu og allur sakarkostnaður lagður á ríkissjóð.

3.12.4 Iðnrekstur (háskólanemi)

(dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 8. júní 2000)

Háskólanemi, sem hvorki var með meistararéttindi né sveinsbréf í málaraiðn, tók að sér að grunnmála hæð í húsi í Reykjavík og hafði einn aðstoðarmann við verkið. Var hann ákærður fyrir brot á iðnaðarlögum með því að hafa tekið að sér störf meistara í málaraiðn án þess að hafa leyst til sín meistarabréf. Þetta gerðist vorið 1999. Þar eð reglugerð um löggiltar iðngreinar hafði tímabundið verið felld úr gildi, þ.e. ekki var í gildi reglugerð sem kvað á um með skýlausum hætti að málaraiðn teldist löggilt iðngrein, þótti fullnægjandi refsheimild eigi hafa verið til staðar og var ákærði því sýknaður.

3.12.5 Iðnrekstur (málarasveinn)

(dómur Héraðsdóms Austurlands 24. júlí 2000)

Málarasveinn á Austurlandi, sem stýrði verkum ófaglærðra manna í málningavinnu, var talinn hafa brotið gegn ákvæðum iðnaðarlaga um að ekki megi taka að sér störf meistara án réttinda til þess og að hann hefði rekið löggilta iðngrein án þess að hafa meistara til forstöðu. Refsing var hins vegar ekki dæmd þar eð rannsókn málsins hafði dregist óhæfilega miðað við umfang þess án þess að það væri sök ákærða. Málarameistari á Reykjavíkursvæðinu, sem var skrifaður fyrir verkum sem málameistari var talinn hafa gerst brotlegur við ákvæði iðnaðarlaga um að leyfa ekki öðrum að reka iðnað í skjóli leyfis síns. Með hliðsjón af því að meistarinn stóð ekki við efni yfirlýsingar sinnar um að hann hefði yfirumsjón og verkstjórn vegna málningarframkvæmda var litið svo á af hálfu dómsins að yfirlýsingin hafi verið málamyndagerningur gefinn út í þeim tilgangi einum að sveinninn gæti rekið iðnað í skjóli leyfis meistarans. Málarameistarinn var hins vegar sýknaður af ákæru um iðnlagabrot vegna þess að kröfur á hendur honum voru fyrndar, þ.e. sök fyrnist á tveimur árum þegar refsing, sem unnið er til, fer ekki fram úr sektum. Var hann því sýknaður af kröfum ákæruvaldsins

3.12.6 Iðnrekstur (hársnyrtistofa)

(dómur Héraðsdóms Austurlands 13. desember 2000)

Kona var sektuð um 40.000 kr. í Héraðsdómi Austurlands fyrir rekstur hársnyrtistofu á Austurlandi án þess að hafa fengið útgefið meistarabréf eða sveinsbréf í hársnyrtiðn og án þess að hársnyrtistofan væri rekin undir forstöðu meistara í raun. Meistari á Reykjavíkursvæðinu var jafnframt sektaður um 40.000 kr. fyrir að hafa heimilað hinum réttindalaus að reka hársnyrtistofuna í skjóli meistararéttinda sinna í hársnyrtiðn án þess að hafa í raun nokkra forstöðu haft með rekstrinum.